

- 262 2. des. Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

- 263 8. des.

## REGLUGERÐ

fyrir bátabryggju í Hjallanesi í Staðarfellslandi á Fellströnd.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: frá Nábeinavík inn fyrir lendingu á Staðarfelli.

#### 2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. Hafnarnefnd kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Kjörtímabil hafnarnefndar er sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um að reglugerð þessari sé hlýtt og sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari gegn innheimtulaunum eða föstum launum. Hún sér og um viðhald og endurbætur á bryggjunni. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárreiður hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar.

#### 3. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta út seglfestu eða öðru, sem skemmdum getur valdið, á hafnarsvæðinu.

#### 4. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbætur í Hjallanesi og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers reikningsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning hafnarsjóðs. Reikningar hafnarsjóðs skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

#### 5. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

### II. KAFLI

#### 6. gr.

*Vörugjaldskrá.*

1. Ull, gærur, húðif, kjöt, garnir og aðrar sláturafurðir: 6 kr. af 100 kg.
2. Kornvara, kaffi, sykur, hreinlætisvörur, garðávextir o. fl. þ. h.; enn fremur saltfiskur, fóðurbætir, tilbúinn áburður og sáðvörur: 2 kr. af 100 kg.
3. Stykkjavara: 2 kr. af 100 kg.

4. Salt, kol, sement og aðrar byggingarvörur en timbur: 1.50 kr. á hver 100 kg. **263**
5. Timbur, unnið og óunnið: 0.30 kr. á hvert teningsfet. **8. des.**
6. Tómar tunnur: 1.00 kr. á tunnu.
7. Olía, benzín og þess háttar: 15.00 kr. á hverja smálest.
8. Sauðfé: 1.00 kr. á kind.
9. Stórgripir: 5.00 kr. á grip.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1950.*

**Ólafur Thors.**

Páll Pálmason.

## AUGLÝSING

**264**  
8. des.

um breyting á hafnarreglugerð Sauðárkróks, nr. 67 14. maí 1949.

1. gr.

Vörugjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu framvegis hækka um 40%.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1950.*

**Ólafur Thors.**

Páll Pálmason.

## HAFNARREGLUGERÐ

**265**  
8. des.

fyrir Hellnahöfn.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hellnahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin að vestan úr svonefndri Digruklöpp í Búðaklett, og að norðan úr Bólhól í Gölt, þar til er hún sker hina fyrrnefndu línu.

### II. KAFLI

#### Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd kýs 3 menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður og formaður nefndarinnar.